

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/831**  
**komudagur 10.1.2014**

Reykjavík janúar 2014

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Tillaga að þingsályktun um háhraðanettengingar í dreifbýli : Umsögn Nova ehf.

Nova vekur athygli á að greinargerðin sem fylgir tillögunni gerir afar lítið úr þráðlausum háhraðafjarskiptum og gengur hreinlega svo langt að dæma þráðlaus fjarskipti nánast sem ófullnægjandi, þau standist ekki kröfur tímans! Þessu orðalagi mótmælir Nova og fullyrðir að það er rangt og stenst ekki skoðun.

Í greinargerðinni segir í þeim hluta sem kallaður er Netnotkun og netþróun (Ath – leturbreyting/undirstrikun Nova ):

„Þá er að nefna þráðlaust örbylgjusamband, UTMS (3G), sem hátt hlutfall notenda í dreifbýli býr við. Enda þótt þráðlausa örbylgjusambandið hafi víða komið að góðum notum hefur það ýmsa áqalla sem gera það að verkum að það getur ekki mætt þörfum notenda með fullnægjandi hætti. eru þeir helstir að örbylgjusambandið þolir lítið notkunarálag án þess að verulega dragi úr afkastagetu þess og enn fremur hafa veður og landfræðilegar aðstæður áhrif á starfsemi kerfisins og geta gert það hægvirkt eða óstöðugt.“

Sem fyrr segir stenst þetta ekki skoðun, því þráðlaus háhraðaþjónusta hefur margoft sannað gildi sitt sem örugg, hagkvæm og afkastamikil þjónusta. Þráðlaus háhraðaþjónusta, t.d. sem veitt er með 3G, og enn frekar með hinni nýju 4G þjónustu, getur verið afar afkastamikil og hagkvæm þjónusta, en gæði og áreiðanleiki þjónustunnar ræðst af þeim gæðakröfum sem settar eru til þjónustunnar. Ef þau gæðaviðmið sem t.d. Fjarskiptasjóður hefur sett um þá 3G háhraðaþjónustu sem veitt er fyrir tilstilli sjóðsins stenst ekki nútímakröfur eða þykir ekki fullnægjandi þá er þar ekki við tæknina og getu hennar að sakast, heldur þær gæðaviðmiðanir sem settar eru.

Bent er á að gríðarleg þróun á sér stað í þráðlausri háhraðatækni, svo sem 4G tækninni og áframhaldandi þróun hennar næstu árin. Gagnahraði er nú þegar tugfaldur á við það sem best lét fyrir fáum misserum, t.d. þegar Fjarskiptasjóður hóf verkefni sitt. Til að mynda hefur hið breska farsímafyrirtæki EE nýlega opnað fyrir 4G+ háhraðakerfi í London sem ræður við allt að 300Mb/s hraða. Í dreifðum byggðum eru enn fremur enn minni líkur til þess að fjöldi notenda dragi niður í afköstum þjónustunnar í samanburði við þau áhrif þéttbýli.

Ekki er vafamál að kostnaður við uppbyggingu þráðlausrar háhraðaþjónustu er verulega minni en við lagningu ljósleiðarakerfa um langan veg og að hverju hús eða inni það. Vegna þeirrar hagkvæmni, afkasta og gæða sem þráðlaus háhraðaþjónusta getur veitt er nauðsynlegt að sú tækni sé ekki undanskilin í umfjöllun og ákvarðanatöku um háhraðaþjónustu fyrir íbúa landsins.

Virðingarfyllst, f.h. Nova

Jóakim Reynisson, framkvæmdastjóri tæknimála

